

TÖFRA TAPPARNIR

RADDAPADDA sem ekki má skadda



VERKFÆRAKISTAN

Kennurum og uppalendum
kennt að nota boðskap sögunnar

ISBN 978-9935-24-586-1

Leiðbeiningabók með Radda padda sem ekki má skadda

Höfundur: Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir, tal- og raddmeinafræðingur

Meðhöfundar: Dr. Leena Rantala, tal- og raddmeinafræðingur, Finnlandi

og Dr. Anita McAllister, tal- og raddmeinafræðingur, Svíþjóð

Myndskreyting: Sallamari Rantala, Finnlandi

Grafískur hönnuður: Guðrún Hrönn Jónsdóttir, Íslandi

Prófarkalesari: Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir

Útgefandi: Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir

Byggt á verkefni (How does it work? Voice, speech and communication) styrkt af

NORDplus árið 2016.

Hvers vegna að kenna um rödd.

Raddveilur/raddvandamál eru algeng sérstaklega hjá þeim þurfa að nota röddina ótæpilega í atvinnuskyni. Þar skipa kennarar efstu sæti og eru raddveilur það algengar í þeirri stétt að í raun má tala um atvinnusjúkdóm. Það sama gildir um rödd eins og aðra líkamsstarfsemi að það er hægt að ganga fram af henni með misbeitingu. Þekkingarleysi á raddmyndun hefur valdið því að röddin er bæði vanmetin - að hún þoli meir en hún gerir, og ofmetin - að hún berist betur en hún gerir. Rödd er ekkert sjálfstætt fyrirbæri heldur afrakstur af flókinni samhæfðri líkamsstarfsemi lungna og raddfæra, sérstaklega raddbandanna. Misbeiting á rödd og raddböndum getur haft í för með sér skemmdir á þeim.

Hávaði sem skaðvaldur.

Hávaði er skaðvaldur bæði á rödd og heyrn. Eins og hávaði hefur verið mældur í leikskólum og skólum fer hann oft yfir hávaðamörk sem eru talin hættuleg heyrn. Þar með er hann kominn talsvert yfir þau mörk þar sem hægt er að heyra sér til skilnings. Það er náttúruleg mál sem ræður því að rödd spennist ósjálfrátt upp þegar talað er í hávaða. Þar með er komin yfirspena á raddfæri sem getur valdið raddvandamálum. Ríkjandi einkenni sem fylgja ofreynslu á rödd eru raddþreyta, viðvarandi hæsi, ræma, raddbrestir, hástemmd rödd, kökktilfinning í hálsi og ræskingapörf. Leikskólar eru vinnustaður bæði fullorðinna og barna. Börn eru því ekki síður í hættu að verða fyrir heyrnarsköðum og raddveillum af völdum hávaða en fullorðnir - jafnvel í meiri hættu, vegna þess að þessi líffæri eru ekki búin að ná fullum þroska. Vaxandi viðvarandi hæsi í börnum er t.d. orðið áhyggjuefni.

Valdið sem býr í röddinni.

Það er fyrst og fremst raddblærinn sem gefur orðunum rétta merkingu og hefur áhrif á hlustandann. Ef orðið „komdu“ er sagt blíðlega vekur það upp allt aðrar tilfinningar en ef sama orð væri sagt höstuglega. Í raun þarf ekki alltaf orð til. Það er hægt með „hummi“ að vekja ánægju, eftirvæntingu, ótta og reiði með raddblænum einum saman. Alveg eins og hjá dýrum er meginhlutverk mannsraddarinnar að beita henni þannig að hún hafi áhrif á aðra, laði að, hrekji frá, nái valdi og skapi ótta.

Markmið með kennsluefninu:

Aðalmarkmið þessa kennsluefnis er að efla raddmenningu og vitund um skaðsemi hávaða. Kennsluefnið hentar börnum 4 - 8 ára ekki síst þar sem þetta er sá aldur þar sem börn eru að vakna til vitundar um eigin líkama. Kennsluefnið getur líka komið eldri börnum að gagni sem eru komin með vaxandi skilning á umhverfisáhrifum og umgengni.

Kennsluefnið má nota sem hópverkefni til lengri eða skemmri tíma.

Hverjum kafla fylgja:

- Markmið með efni kaflans
- Leiðbeiningar um raddblæ þegar verið er að lesa upphátt
- Sérmerkt orð til að minna kennarann á að nota viðeigandi raddblæ til að ná réttum hughrifum og skilningi hlustandans á efni og orðum
- Sérmerkt orð til að auka líkamsvitund
- Sérmerkt orð sem eru orð yfir líkamshljóð
- Umræða út frá texta efnis
- Æfingar

Kaflí I:

Töfratapparnir Tappi tútú og Tappi títi hittast og kynnast.

Markmið fyrir kafla I:

- Gera börnin meðvituð um mismunandi hljóð sem við búum til með líkamanum - raddhljóð sem önnur hljóð.
- Gera börnin meðvituð um hvernig við beitum mismunandi raddblæ eftir því hvað er verið að ræða um og í hvaða kringumstæðum við erum. Gera þau meðvituð um þær mismunandi tilfinningar sem vakna hjá okkur eftir því hvernig við segjum orðin.



Orð sem eru gerð áberandi í textanum:

- Orð þar sem beita þarf sérstökum raddblæ til að ná fram réttum hughrifum hjá hlustanda.
- Orð yfir hljóð sem eru búin til með munni og rödd.

Leiðbeiningar um raddblæ:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Þegar lesið er upphátt gætið þess að orð í textanum hafi viðeigandi raddblæ:

Stunur - blástur - undrun í röddinni (2)
Stundi (6) Mjóróma - ákveðinni röddu - feimnislega (8) Steinhissa (10) Pirraður - dapur- kjökra - vinallega - ákveðinni (12) Hágrátandi - ekki - glaður (14)
Undrandi (16)
Glaðlega - hræðslulega - hughreystandi (18)
Hló - hikandi - vinallega - glaður (20)
Glaður - syfjulega - hrjóta (22)

Munn- og raddhljóð:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Látið börnin hafa eftir munnhljóð sem koma fyrir í textanum:

Stynja - búa til blástur (2)
Látið börnin stynja (6)
Látið börnin segja „góðan daginn“ með mjóróma rödd (8)
Látið börnin kjökra (12)
Látið börnin herma eftir ekki og hágráta (14)
Látið börnin fara með töfrapuluna (16)
Látið börnin fara með töfrapuluna (18)
Látið börnin búa til hlátur (20)
Látið börnin herma eftir hrotum (22)

Orð sem varða líkamsvitund:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Orð sem auka líkamsvitund barna. Leiðbeiningar í textanum:

Látið börnin hreyfa sig til vinstri - svo til hægri - svo fram - og svo aftur (4)
Látið börnin dilla sér og gera sig lítil (16)
Látið börnin dilla sér og gera sig stór (18)
Hvernig klifrum við (22)

Umræður:

Ræðið við börnin og fáið þau til að svara sem mest sjálf:

Hvað er rödd? Rödd er hljóð sem kemur út úr munninum okkar.

Hvenær notum við rödd? Þegar við syngjum notum við röddina, þegar við tölum notum við röddina. Þegar við hrópum, öskrum og köllum notum við röddina. Þegar við hlæjum, grátum og veinum notum við röddina.

Af hverju notum við röddina? Þegar við viljum láta aðra hlusta á okkur eða þegar við erum glöð, reið, pirruð, sorgmædd og finnum til.

Æfingar:

Búið til með börnunum eins mörg hljóð og mögulegt er - raddhljóð sem önnur - t.d. *klappa, stappa, vera með ekki, grípa inn andann, flauta, snökta*.

Orð í þessum kafla gefa tækifæri til að kenna börnunum hvað eru raddhljóð án orða eins og: *stunur, hrjóta, blástur, gráta, kjökra, hágráta*.

■ **Æfið með börnunum hljóð sem við gerum með munninum og fáið þau til að hugsa hvenær og af hverju við gefum þessi hljóð frá okkur.** Leiðið börnin til svara og komið af stað umræðum.

Veina

Hvernig veinum við? (Búa til hljóð)

Hvenær veinum við og af hverju veinum við?
T.d. þegar við erum hrædd eða þegar við finnum til.

Stynja

Hvernig stynjum við? (Búa til hljóð)

Hvenær stynjum við og af hverju? T.d. þegar við erum þreytt eða þegar okkur leiðist.

Öskra

Hvernig öskrum við? (Búa til hljóð)

(Þarna gefst kjörið tækifæri til að benda börnunum á hversu öskur eru óþægileg fyrir aðra).
Hvenær öskrum við og af hverju öskrum við?
T.d. þegar við erum hrædd og þegar við erum rosalega reið.

Hlæja

Hvernig hlæjum við? (Búa til hljóð)

Hvenær hlæjum við og af hverju? T.d. þegar okkur finnst eitthvað eða einhver vera mjög fyndinn og skemmtilegur og þegar okkur líður vel.

Gráta

Hvernig grátum við? (Búa til hljóð)

Hvenær grátum við og af hverju?
T.d. þegar við meiðum okkur, þegar einhver er vondur við okkur, þegar við finnum til og þegar við erum mjög leið.

■ **Að finna muninn á rödduðum og órödduðum orðum.**

a. Teljum upp að fimm, notum fyrst rödd og síðan enga rödd (hvíslum).

b. Hvíslum „góðan daginn“ fyrst án raddar og síðan með sterkri rödd. Ef börnin sleppa fram af sér beislinu og fara að öskra gefst kjörið tækifæri til að benda á muninn á sterkri rödd og öskri.

Kaflí II:

Röddin í frekum strák.

Markmið fyrir kafla II:

- Kenna börnum um góða og slæma raddsiði. Hvernig slæmir raddsiðir eins og að öskra án tilefnis er bæði óþægilegt fyrir aðra og dónalegt.



Orð sem eru gerð áberandi í textanum:

- Orð þar sem beita þarf sérstökum raddblæ svo að rétt hughrif náist hjá hlustanda.
- Hljóð sem eru búin til með munni og rödd.

Leiðbeiningar um raddblæ:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Þegar lesið er upphátt gætið þess að orð í textanum hafi viðeigandi raddblæ:

Öskraði frekjulega - öskra
-hás - hneykslaður - (24)
Glaðlega (26)
Hneykslaður - forvitinn -
spekingslega - fussaði (28)

Munn- og raddhljóð:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Látið börnin hafa eftir munnhljóð sem koma fyrir í textanum:

Syngið töfrapuluna með börnunum (26)
Látið börnin fussa (28)

Orð sem varða líkamsvitund:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Orð sem auka líkamsvitund barna. Leiðbeiningar í textanum:

Látið börnin dilla sér og gera sig lítil (26)
Hvar er framtönn? (26)
Hvernig klöngrumst við? (26)
Hvar eru jaxlarnir í okkur? (28)

Umræður:

Fáið börnin til að koma með dæmi.

Ræðið um raddvernd og raddmenningu. Hvernig við getum í raddbeitingu annars vegar sýnt tillitssemi (notað blíðlega, hughreystandi, uppörvandi, huggandi og hrósandi rödd) en hins vegar sýnt tillitsleysi (öskrað, gargað og notað hæðnislega, reiðilega, frekjulega og niðrandi raddbeitingu). Notið broskarla (broskarlar aftast í þessari bók) til að sýna svip sem fylgir tilsvarendi raddblæ til þess að börnin átti sig á tilfinningum sem búa að baki.

■ Uppástungur um hvernig hægt er að ræða um góða raddmenningu:

Hvernig eigum við að fara vel með röddina okkar? Forðast slæma raddsiði (t.d. að öskra).

Hvað þýðir „innirödd“? En megum við þá öskra úti eins og við viljum? Af hverju ekki (við getum skemmt röddina í okkur).

■ Ræðið við börnin hvernig við getum náð athygli annarra án þess að öskra eða kalla hátt.

- Af hverju er verið að öskra?
- Öðrum finnst öskur óþægileg.
- Hver vill láta öskra upp í eyrun á sér?
- Við grípum fyrir eyrun ef einhver er að öskra upp í þau.
- Hvað getum við gert annað en að öskra?
- Hvað getum við gert til að stoppa það að öskra bara til að öskra?
- Hver er munurinn á því að kalla og öskra?
- Er það viturlegt að öskra?

Æfingar:

Látið börnin segja „góðan daginn“ með hásri rödd og síðan með eðlilegri röddu. Vekjið athygli þeirra á hversu erfitt það er að nota hása rödd.

■ Æfið mismunandi raddnotkun með börnunum

Hvernig segjum við „góðan daginn“

Kurteislega
Ákveðið
Blíðlega
Reiðilega


■ Upplifa þögn með því að segja ekkert og búa engin hljóð til í hálfa mínútu.

Kaflí III:

Tappi títi og Tappi tútú skoða raddböndin í freka stráknum sem hann er búinn að skemma.

Markmið fyrir kafla III:

- Kenna börnunum um raddböndin hvar og hvernig þau eru. Hvernig misbeiting á rödd eins og að öskra getur skemmt raddböndin í okkur svo við verðum hás og hættum að geta notað röddina eins og við viljum.



Orð sem eru gerð áberandi í textanum:

- Orð þar sem beita þarf sérstökum raddblæ svo að rétt hughrif náist hjá hlustanda.
- Hljóð sem eru búin til með munni og rödd.

Leiðbeiningar um raddblæ:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Þegar lesið er upphátt gætið þess að orð í textanum hafi viðeigandi raddblæ:

Spekingslega (30)
Glaðlega - spekingslega -
óttasleginn (32)
Skjálfraddaður -
hughreystandi (34)
Kallaði - hræddur - hrópaði
- hás (36)
Spekingslega - hugsandi
(38)

Orð sem varða líkamsvitund:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Orð sem auka líkamsvitund barna. Leiðbeiningar í textanum:


Finna hvar úfurinn er (32)
Hvernig trítlum við? (32)
Hvar er tungan í okkur? (32)

Umræður:

Ræða við börnin um raddmyndun, raddböndin og hvernig þau vinna.

Hvar eru raddböndin okkar?

Ef við setjum höndina framan á hálsinn þá er raddboxið þar, sem heitir barkakýli. Inn í raddboxinu eru raddböndin tvö. Ef við segjum /AAAA/ með höndina á boxinu þá finnum við titring frá raddböndunum. Prófum það.



Hvernig verður röddin til?

Það kemur loft úr lungunum, sem eru tvö. Prófum að anda inn og svo aftur út. Þegar loftið fer út úr okkur þá fer það milli raddbandanna. Loftið lætur raddböndin titra og búa til röddina. Prófum að segja „góðan dag“ þegar við öndum inn og svo aftur „góðan dag“ þegar við blásum loftinu út. Röddin varð allt öðru vísi.

Til að útskýra þetta betur fyrir börnunum takið blöðru fyllið hana af lofti, strekkið á stútnum og látið loftið síast út. Þá kemur hljóð. Útskýrið hvernig þetta er sambærilegt við raddmyndun (blaðran er lungun og stúturinn raddböndin).

Ræða um hvernig við getum skemmt í okkur raddböndin með því að öskra svo að það koma litlar kúlur á þau og þá verðum við hás.

Öskur

Eigum við bara að vera að öskra til þess eins að öskra? Nei það er vitleysa.

Hvers vegna?

Af því að við getum skemmt röddina í okkur þegar við erum að öskra mikið. Raddböndin þola það ekki. Þá verðum við bara hás og hættum jafnvel að geta sungið eða kallað. Ekki myndum við sparka berfætt í vegg er það? Af hverju ekki? Af því að við getum meitt okkur svo mikið. Alveg sama með raddböndin. Þegar við erum að öskra mikið þá getum við skemmt þau.



Æfingar:

- Látið börnin syngja eitthvað lag með hásri rödd og síðan með eðlilegri röddu. Vekið athygli þeirra á hvernig við getum ekki sungið með hása rödd og hvað það er erfitt.
- Látið þau finna hvernig hægt er að segja orð með mismunandi raddblæ t.d. „góðan dag“ með lágri röddu, sterkri röddu, blíðlegri röddu, reiðilegri röddu. Fyrst notum við rödd en síðan að reyna það sama með hásri rödd.

Kaflí IV:

Tapparnir tala um vonða hávaðann.

Markmið fyrir kafla IV:

- Kenna börnum um hljóð og hver er munur á hljóði og hávaða (þegar hljóð er orðið óþægilegt og hátt).



Orð sem eru gerð áberandi í textanum:

- Orð þar sem beita þarf sérstökum raddblæ svo að rétt hughrif náist hjá hlustanda.
- Hljóð sem eru búin til með munni og rödd.

Leiðbeiningar um raddblæ:

Ath. blaðsíðatal í sviga

Þegar lesið er upphátt gætið þess að orð í textanum hafi viðeigandi raddblæ:

Áhyggjufullur - alvarlegur (40)
Áhyggjufullur (42)
Spekingslega (44)
Æstur - fussaði (46)

Munn- og raddhljóð:

Ath. blaðsíðatal í sviga

Látið börnin hafa eftir munnhljóð sem koma fyrir í textanum:

Látið börnin fussa (46)

Orð sem varða líkamsvitund:

Ath. blaðsíðatal í sviga

Orð sem auka líkamsvitund barna. Leiðbeiningar í textanum:

Látið börnin grípa fyrir eyrun (46)

Umræður:

Hvað er hljóð?

Vekja athygli á hljóðum eins og þegar dropar detta í vask, bílhljóð, dýrahljóð, röddin okkar í söng og tali, hljóð frá hljóðfærum o.s.frv.

Hvað er hávaði?

Þegar hljóð er orðið hátt, vont og óþægilegt.

Hvað getur skapað hávaða?

Hvernig líður okkur í hávaða?

Fræða börnin um hvernig hávaði getur verið þreytandi og hættulegur bæði fyrir heyrn og rödd.

Kenna börnum um mismunandi hávaða t.d. öskra, arga og garga, henda hlutum í gólfíð, lemja með hlutum í eitthvað, skella hurðum, skella niður kubbum o.s.frv.

„Þurfum við að tala svona hátt? Það er eins og við séum að öskra“.

Hvað er hægt að gera til að vera með minni hávaða?

Æfingar:

- Til að finna hávaðamuninn. Fyrst að læðast um og síðan að hoppa.

Færa til stóla án þess að vera með hávaða. Raða kubbum í kassa án þess að skapa hávaða.

Hella úr kössum án þess að vera með hávaða. Setja glös og disk á borð án hávaða.

Þegja í hálfa mínútu.

- Nota áberandi spjöld til að fá fram hljóð.

Skipuleggja útileiki og kenna börnum hvernig það er hægt að leika þá án þess að öskra og garga.

Kaflí V:

Tappi títi og Tappi tútú skoða munninn í góðu konunni.

Markmið fyrir kafla V:

■ Kenna börnunum um talfærin og hlutverk þeirra.

Hvernig notum við tunguna.

Hvernig notum við varirnar.

Hvernig notum við kinnarnar.

Hvernig notum við kjálkana.

Hvernig notum við tennurnar.



Orð sem eru gerð áberandi í textanum:

a. Orð þar sem beita þarf sérstökum raddblæ svo að rétt hughrif náist hjá hlustanda.

b. Hljóð sem eru búin til með munni og rödd.

Leiðbeiningar um raddblæ:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Þegar lesið er upphátt gætið þess að orð í textanum hafi viðeigandi raddblæ:

Blíðlega (48)
Hvíslaði (50)
Steinhissa (52)
Hræddur - stundi (56)
Lágri röddu - spenntur (58)
Spekingslega - glaðlega (60)
Mjóróma - spekinglega (62)
Lágri röddu - skjálfraddaður (64)

Munn- og raddhljóð:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Látið börnin hafa eftir munnhljóð sem koma fyrir í textanum:

Látið börnin hvísla „góðan daginn“ (50)
Syngið töfrapuluna með börnunum (52)
Látið börnin stynja (56)
Látið börnin segja skjálfraddað „góðan daginn“ (64)

Orð sem varða líkamsvitund:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Orð sem auka líkamsvitund barna. Leiðbeiningar í textanum:

Látið börnin dilla sér (52)
Hvar er höndin okkar? (54)
Hvar er handleggurinn okkar? (54)
Hvar er öxlin okkar? (54)
Hvar er hakan okkar? (56)
Hvar er neðri vörin okkar? (58)
Hvar eru tennurnar okkar? (58)
Hvar er tungan okkar? (58)
Hvar er gómurinn okkar? (60)
Hvar er úfurinn í okkur? (60)
Hvernig trítlum við? (62)
Hvar er kokið í okkur? (62)
Hvar eru lungun okkar? (64)
Hvar er maginn okkar? (64)
Látið börnin kyngja (64)

Umræður og æfingar:

Tungan

Til hvers er tungan? Þurfum við að hafa tungu? Hvers vegna? Ræðið þetta við börnin og látið þau skoða tunguna í sjálfum sér og öðrum.

Hvað getum við gert með henni? (Leiðið börnin til svara).

Smellt og sleikt út um. Svo getum við ullað með henni en það er voða dónalegt.

Hvað með kjálkana?

Þurfum við að hafa kjálka? Ó já. Þeir eru til að opna og loka munninum. Prófum það.

Verðum við að geta opnað munninn okkar? Hvers vegna? Og hvenær?

Leiðið börnin til svara. Látið þau herma eftir þegar við öndum, tyggjum, geispum, syngjum, tölum, drekkum, setjum matinn upp í okkur.

Hvað með tennurnar okkar?

Eru þær nauðsynlegar? Hvers vegna? (til að tyggja matinn).

En til að tala? Við verðum að hafa tennur til að geta sagt /SSSSS/. Þá setjum við tennurnar saman og blásum. Prófum að segja /SSSSS/ með opinn munn. Það er ekki hægt.

Hvað með góminn?

Ef við hefðum ekki góminn þá myndi ekkert stoppa tunguna okkar þegar við lyftum henni upp inn í munninum. Þá gæti bara tungan farið upp í nefið og dottið út. Það væri ekkert sniðugt að vera með dinglandi tungu út um nefið.

Prófum að smella í góm.

Hvað með varirnar okkar?

Eru varirnar nauðsynlegar (leiðið börnin til svara). Látið þau herma eftir kossi, brosi, gráti, sögi, flauti, söng og tali.

Finna hvernig varirnar eru þegar við brosum og svo hvernig þær eru þegar við grátum.

Hvað með kokið?

Þurfum við að hafa kok? Jú annars færi maturinn ekki niður í magann og við gætum heldur ekki andað ofan í lungun.

Kaflí VI:

Tappi títi og Tappi tútú skoða raddböndin í góðu konunni.

Markmið fyrir kafla VI:

- Kenna börnum um heilbrigð raddbönd, raddbeitingu og hvernig rödd er notuð mismunandi.



Orð sem eru gerð áberandi í textanum:

- Orð þar sem beita þarf sérstökum raddblæ svo að rétt hughrif náist hjá hlustanda.
- Hljóð sem eru búin til með munni og rödd.

Leiðbeiningar um raddblæ:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Þegar lesið er upphátt gætið þess að orð í textanum hafi viðeigandi raddblæ:

Kvíðinn - lágt (66)
Skjálfandi - vældi -
hughreystandi (68)
Hissa - hneykslaður -
skömmustulegur (70)

Munn- og raddhljóð:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Látið börnin hafa eftir munnhljóð sem koma fyrir í textanum:

Látið börnin rækja sig (68)
Látið börnin segja "góðan daginn" skjálfandi röddu. (68)
Látið börnin væla (68)

Orð sem varða líkamsvitund:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Orð sem auka líkamsvitund barna. Leiðbeiningar í textanum:

Látið börnin kinka kolli (70)

Umræður:

Upprifjun:

Hvar eru raddböndin okkar?

Ef við setjum höndina framan á hálsinn þá er raddboxið þar. Inn í raddboxinu eru raddböndin. Ef við segjum /AAAA/ með höndina á boxinu þá finnum við titring frá raddböndunum.

Hvernig verður röddin til?

Útskýrið þetta betur fyrir börnunum með því að taka blöðru fylla hana af lofti, strekkja á stútum og láta loftið síast út. Þá kemur hljóð. Útskýrið hvernig þetta er sambærilegt við raddmyndun (blaðran er lungun og stúturinn raddböndin).

Æfingar:

■ Búið til ýmsa tóna með röddinni t.d. ba ba ba bú bú bú bí bí bí.

Syngið lag eða trallið.

Segið einhverja setningu með veikri rödd og síðan sterkri.

Búið til stutta tóna A A A og síðan langan tón.

Segið A með þreyttri röddu, reiðri röddu, blíðlegri og glaðlegri röddu.

Látið röddina ganga upp og niður eins og í sírenuhljóði brunabíls.

Búið til hljóð eins og úr skipsflautu UHHHHHHHH.

Kaflí VII:

Aumingja litlu tapparnir lenda í mikilli hættu í munninum.

Markmið fyrir kafla VII:

- Sérstök áhersla lögð á mikilvægi tungu í tali og hvernig hún hreyfist á meðan við erum að tala.



Orð sem eru gerð áberandi í textanum:

- Orð þar sem beita þarf sérstökum raddblæ svo að rétt hughrif náist hjá hlustanda.
- Hljóð sem eru búin til með munni og rödd.

Leiðbeiningar um raddblæ:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Þegar lesið er upphátt gætið þess að orð í textanum hafi viðeigandi raddblæ:

Spennur (72)
Skíthræddur - hissa (74)

Orð sem varða líkamsvitund:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Orð sem auka líkamsvitund barna. Leiðbeiningar í textanum:

Hvar eru jaxlarnir okkar? (72)
Spila með fingri á neðri vörina (74)

Umræður og æfingar:

Hvað getum við gert með tungunni okkar?

(smella, sleikja út um, ulla, búa til pylsu úr henni. Teygja hana upp í nef. Teygja hana niður á höku).

Getum við talað ef við höfum ekki tungu? Prófum að segja „góðan daginn“ án þess að hreyfa tunguna á meðan. Ekki hægt.

Prófum að segja LA LA LA. Hvað gerðum við með tungunni? Við lyftum henni upp aftur og aftur. Prófum að segja KA KA KA. Hreyfðum við tunguna? Já við lyftum henni upp aftur og aftur inn í munninum.

Við erum alltaf að hreyfa tunguna í öllum orðum sem við segjum. Mörg þúsund sinnum á dag erum við að hreyfa hana.

Kaflí VIII:

Tappi títi og Tappi tútú skoða raddbönd í rosastórum manni.

Markmið fyrir kafla VIII:

■ Kenna börnum af hverju raddir eru mismunandi í konum, körlum og börnum.



Orð sem eru gerð áberandi í textanum:

a. Orð þar sem beita þarf sérstökum raddblæ svo að rétt hughrif náist hjá hlustanda.

b. Hljóð sem eru búin til með munni og rödd.

Leiðbeiningar um raddblæ:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Þegar lesið er upphátt gætið þess að orð í textanum hafi viðeigandi raddblæ:

Spennur (76)
Hræddur - hughreystandi -
vældi - hressilega (78)
Spennur (82)
Skæla - skjálfraddaður -
hughreystandi (86)
Kallaði - dæsti (88)
Vældi - hughreystandi (90)
Blíðlega - hrjóta (92)

Munn- og raddhljóð:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Látið börnin hafa eftir munnhljóð sem koma fyrir í textanum:

Látið börnin segja „góðan daginn“ með djúpri röddu (76)
Látið börnin væla (78)
Búa til karlarödd (84)
Búa til konurödd (84)
Búa til barnarödd (84)
Látið börnin herma eftir skælum (86)
Látið börnin dæsa (88)
Látið börnin væla (90)
Syngið töfrapúluna með börnunum (90)
Látið börnin herma eftir hrotur. (92)

Orð sem varða líkamsvitund:

Ath. blaðsíðutal í sviga

Orð sem auka líkamsvitund barna. Leiðbeiningar í textanum:

Hvar er fóturinn okkar (80)
Hvar er bumban okkar (80)
Hvar er bringan okkar (80)
Hvar er hálsinn okkar (80)
Hvar er hakan okkar (80)
Hvar er munnurinn okkar (82)
Hvar eru lungun okkar (86)
Hvar er maginn okkar (86)
Látið börnin dilla sér (90)

Umræður:

Upprifjun:

Hvar eru raddböndin okkar?

Ef við setjum höndina framan á hálsinn þá er raddboxið þar. Inn í raddboxinu eru raddböndin. Ef við segjum /AAAA/ með höndina á boxinu þá finnum við titring frá raddböndunum.

Hvernig verður röddin til?

Rífið upp hvernig rödd myndast með að nota uppblásna blöðru og strekkja síðan á stútnum til að láta loftið leka út.

Loftið úr lungunum okkar láta raddböndin titra og búa til rödd.

Af hverju eru raddir í börnum og fullorðnum ekki eins?

Af hverju eru karlar með dimma rödd en börn með skæra rödd?

Það er af því að karlarnir hafa miklu stærri raddbönd en börn og þess vegna hafa þeir stærri rödd. Við segjum að karlar hafi djúpa eða dimma rödd en að börn hafi skæra rödd.

Ef raddböndin eru löng þá kemur djúp rödd ef raddböndin eru stutt þá kemur björt rödd.

Æfingar:

■ Leikið með röddina eins og herma eftir grát - hlátur - vein - stunur - syngja orð - tala orð.

Búa til sterka dimma rödd eins og þegar jólasveinninn segir HO HO HO HO.

Búa til mjóróma rödd eins og þegar lítil mús segir „góðan daginn“.

Búið til hlæjandi hest sem segir marga stutta tóna ho ho ho ho ho.

Notið broskarlana (broskarlar aftast í þessari bók) og fáið raddblæinn í „já“ til að stemma við svipbrigðin.


Notið broskarla (broskarlar aftast í þessari bók) til að finna hvernig „góðan daginn“ er sagt með reiðri, undrandi, glaðlegri, blíðri, hræddri og ergilegri rödd.

Broskarlar

Notaðir til að finna réttan raddblæ

Það er mögulegt að kenna ungum börnum hvernig á að teikna broskarl með því að draga hann upp strik fyrir strik. Best er að barnið/börnin hafi tilbúinn hring á blaði. Teiknið síðan upp svipbrigðin strik fyrir strik og lýsið hvað þið eruð að gera svo börnin geti hermt eftir.

Neikvæðar tilfinningar: Reiði, illska, pirringur



Teikning:

Augu 2 bein strik

Augabrúnir 2 skástrik

2 lítil strik á milli augnanna


Nef eins og L

Munnur lítið strik.

Hvernig myndi manneskja með svona svip segja „**góðan daginn**”?

Hvernig segjum við „**Mér finnst þetta ekki gott**” reiðilega, illskulega og með pirringi?

Sorg, dapur, leiður



Teikning:

Augu 2 hringir með punkti innan í

Augabrúnir 2 skástrik uoo


Nef eins og L

Munnur bogið strik niður

Hvernig myndi manneskja með svona svip segja **“góðan daginn”**?

Hvernig segjum við **“Mér finnst þetta ekki gott”** þegar við erum sorgmædd, döpur eða leið?

Hræðsla ótti hissa



Teikning:

Augu 2 hringir með punkti í miðjunni

Augabrúnir 2 bogin strik langt fyrir ofan hringina

Nef eins og L

Munnur sporaskja

Hvernig myndi manneskja með svona svip segja **„góðan daginn”**?

Hvernig segjum við **„Mér finnst þetta ekki gott”** þegar við erum hrædd, óttaslegin eða hissa

Jákvæðar tilfinningar: Ást, ánægja, gleði



Teikning:

Augu 2 svolítið bogadregnar línur

Augabrúnir 2 bogin strík fyrir ofan


Nef eins og L

Munnur bogastrik upp

Hvernig myndi manneskja með svona svip segja „**góðan daginn**”?

Hvernig segjum við „**Mér finnst þetta svo gott**” þegar við erum glöð, þykir vænt um einhvern eða okkur líður vel.


Hugsar ljótt




Leiður




Áhyggjufullur



Skammast sín



Feiminn



Raddmenning og vistfræði raddar

Ræðið við börnin

Hvernig getum við farið vel með röddina okkar?

Forðast slæma raddsiði eins og að vera að öskra og hvers vegna við eigum ekki að vera að öskra að óþörfu.

Ræðið við börnin hvernig hægt er að ná athygli annarra án þess að öskra og hrópa.

Hvað orðið innirödd þýðir? Þýðir það að þá megi bara öskra eins og maður vill annars staðar? NEI.

Ræðið um raddvernd og tillitssemi í raddnotkun.

